

Í kaldri veröld

Óumdeilt er að á síðustu tveimur áratugum hefur Helgi Þorgíls Friðjónsson skapað sér myndheim sem á sér enga hliðstæðu í okkar stuttu myndlistarsögu. Við berum undir eins kennd á búttaða drengi listamannsins, jafnvel úr mikilli fjarlægð, þar sem þeir svífa um í tæru himinplasti, ýmist fyrir vængjum eða skikkann skapara síns, eilítið tómlátir til augnanna. Helgi hefur einnig lagt fyrir sig listmiðlun á öðrum vettvangi af umtalsverðum dugnaði, gallerírekstur og sýningarstjórn, auk þess sem hann hefur verið ófeiminn við að láta í ljós skoðanir á myndlist og menningarlífinu almennt.

Sérstæður stíll Helga og eftirfylgni hefur og fært honum farsæld á vettvangi safna og sýningarhúsa. Eftir hefur verið til sérsýningar á verkum hans í Listasafni Íslands (1999), sem er fátítt um svo unga listamenn, og nú fylgir Listasafn Reykjavíkur í kjölfarið með sérsýningu á nýjum verkum að Kjarvalsstöðum.

Það hefur verið lærdómsríkt að fylgjast með framvindunni í myndlist Helga allt frá því að hann hóf að yfirfæra teikningar sínar á striga snemma á níunda áratugnum undir merkjum „nýja málverksins“. Eins og margt annað í þessu nýja málverki eru þessar myndir Helga í hæsta máta „karnívalískar“, þ.e. sýna veröld sem öll er upploft, venjum er storkað og viðteknum fegurðarsmekk gefið langt nef með ungzæislegum gálghúmor. Óflugt við marga aðra starfsbræður sína tókst Helga að koma þessu efni til skila í smáu sniði, í grafíkmyndum, teikningum og litlum olíumálverkum. Eimir eftir af þessum myndheimi í nokkrum litlum vatnslitamyndum á sýningunni að Kjarvalsstöðum.

Samræður við heimslistina

Það sem síðar gerðist í myndlist Helga orðar Ólafur Gíslason með eftirfarandi hætti í sýningarskrá: „Með árunum fór fókusinn í myndum Helga að skerpast og táknmálið í myndum hans að dýpka. Jafnframt er eins og glíman við drauga fortíðarinnar og sögunnar verði meðvitaðri og umfram allt ábyrgðarfyllri.“

Með öðrum orðum er myndlist Helga orðin nostursamari, hátíðlegri og meðvitaðri um sjálfa sig í sögulegu samhengi. Hún inniheldur ekki lengur frásagnir af skoplegum árekstrum mannfólks og kykvenda, létt klám eða fáránlega við-



Helgi Þorgíls Friðjónsson: Flug

Myndlist Helga er orðin nostursamari, hátíðlegri og meðvitaðri um sjálfa sig í sögulegu samhengi.

burði. Nektin í myndum hans er orðin síðsamleg og stofnanavæn, klyftir og handakrikar snyrtilega rakaðir.

Ég er hreint ekki viss um að þetta sé jákvæð þróun. Fyrir það fyrsta er ákaflega lítið í þessari köldu veröld kynlausra vera, með sínum augljósu eða duldu tilvísunum í endurreisnarlist og/eða goðafræði, þess umkomioð á hreyfa við íslenskum áhorfanda árið 2003. Eða gerist þörf á að áréttu, eina ferðina til, að málari standi ávallt utan málverks síns og að málverk og veruleiki séu gjörólíkar eigindir?

Myndlist

Þessi drög að „samræðum við heimslistina“, eins og Helgi lýsir myndlist sinni í viðtali, opinbera sömuleiðis tæknilega agnúa á henni sem aðdáendur hans horfa ýmist framhjá eða afgreiða sem bernska einlægni. Helgi hefur sjálfur nefnt áhuga sinn á „stællausri“ útlistun hlutanna. Hins vegar hefur hann, að því ég best veit, svarið af sér öll tengsl við naífisma.

Velsæld bernskunnar

Ef við gefum okkur að áður nefndar samræður eigi að vera á jafnréttisgrundvelli, er nokkuð ljóst að Helgi á margt ólært þegar kemur að samsetningu stórra nektarmyndna í raunsæjum stíl. Hann geldur bersýnilega fyrir að hafa farið á mis við módelteikningu og rannsóknir á vöðva- og beinabyggingu í gamla Mynd og hand, því líkamar hans eru beinlínis klunnalegir (Ólafur Gíslason talar kurt-eislega um „stífa drætti“ þeirra), lausir við innri spennu vöðvaafslins, auk þess sem hlutföllin í þeim eru á stundum svo

frjálsleg að jaðrar við afbökun. Af þessu sprettur einnig þyngdarleysi líkamanna, vandræði listamannsins þegar kemur að því að jarðtengja þá. Því þrátt fyrir vandlega málaðan bakgrunn landslags eru líkamarnir oftast í lausu lofti, jafnvel þegar þeim er ætlað að tylla sér á klettabrún eða flatmaga í grænu grasi.

Loks sækja að manni efasemdir varðandi samsetningu þessara mynda. Innbyrðis sambandsleysi fólksins í þeim og birtan sem fellur jafnt á alla hluti, nær og fjær, gerir að verkum að sérhvert málverk kemur manni fyrir sjónir sem flatt sam safn ósamræmdra þátta, þar sem víxla má þáttum innbyrðis án breytingar á inntaki. Þarna vantar sem sagt andrúmið – líminguna – í hið málaða sköpunarverk.

Hvert gæti svo verið inntak þessara verka? Vísbendingar um það er að finna víða í viðtölum við Helga. Honum er tíðrætt um æsku sína, þá sæld sem fylgdi því að alast upp í sveit í samneyti við náttúruna og dýr merkurinnar, um postulínstytur af fuglum og figúrum og engla á strömmum í stofunni heima hjá ömmu, um ævintýri og sögur á bókum. Áhorfandi inn fær ekki varist þeirri tilhugsun að þessi myndlist Helga, allt frá sjálfmyndum hans með fiskum og fiðurfé til myndraðarinnar af „tímamorðingjanum“ (Næturganga á strönd), sé þrungin djúpstæðri eftirsjá eftir þessari horfni sældartíð, þegar veröldin var einföld, saklaus og hrein. Þetta er sá sannleikur sem hún felur undir grímu sinni, svo ég umorði niðurlagsorð Ólafs Gíslasonar í sýningarskrá.

Aðalsteinn Ingólfsson

Sýning Helga Þorgíls stendur til 11. maí. Kjarvalsstaðir eru opinir alla daga kl. 10–17.



Beyglur að verða búnar

Beyglur með öllu hafa gengið fyrir fullu húsi í Iðnó frá því í september en nú er svo komið að aðeins fimm sýningar eru eftir. Þetta er meinfyndið, áleitið og frumlegt verk þar sem fjallað er um konur af öllum stærðum og gerðum við aðstæður sem flestar ef ekki allar konur hafa upplifað sjálfar. Í sýningunni leika þær Arndís Hrönn Egilsdóttir, Elma Lísa Gunnarsdóttir, Jóhanna Jónas og Þrúður Vilhjámsdóttir. Leikstjóri er María Reyndal.

Síðustu sýningar á þessu frábæra stykki eru 20.3., 21.3., 28.3., 3.4. og 6.4. Sími miðasölu er 562-9700, netfang miðasölu er beyglur@simnet.is.

Líka á sunnudögum

Við viljum líka minna á Stígvélaða köttinn sem hefur verið sýndur við miklar vinsældir á Litla sviðinu í Borgarleikhúsinu undanfarna laugardaga. Eftir sýningu koma leikararnir fram, gefa gestum ís og spjalla við þá um ævintýrið. Gefst þá ungum leikhúsgestum tækifæri til að bera upp ýmsar brennandi spurningar.

Vegna mikillar aðsóknar verður Stígvélaði kötturinn einnig sýndur á sunnudögum í apríl.

Munnleg hefð



Aðalfundur Félags íslenskra fræða verður haldinn í Sögufélagshúsinu, Fischersundi 3, annað kvöld. Eftir venjuleg aðalfundarstörf eða kl. 20.30 hefst opinn fyrirlestur Gísla Sigurðssonar, fræðimanns á Arnastofnun, sem nefnist:

„Er nokkuð títt? Munnleg hefð á miðöldum og forsendur í fræðunum.“

Gísl ræðir efnið út frá doktorsritgerð sinni, Túlkun Íslendingasagna í ljósi munnlegrar hefðar: Tilgáta um aðferð. Hann mun gera grein fyrir þeim nýjungum sem hann telur að felist í rannsóknaraðferð sinni og sem hefur að hans mati áhrif á alla umfjöllun um sögulega þróun í upphafi ritaldar og lestur fornsagna sem bókmenntaverka og sögulegra heimilda.

Hlýði menn fræði mínu



Rósa Þorsteinsdóttir hefur valið efni úr gríðarmiklu safni Hallfréðar Arnar Eiríkssonar af upptökum á ævintýrum, þjóðsögum og þjóðkvæðum og gefið út á geisladiski undir heitinu Hlýði menn fræði mínu. Þar má heyrna sögumenn segja sínar útgáfur af kunnnum sögum, til dæmis Söguna af Loðinkóp Strútsynni og Þorgeirsbola, einnig er farið með Gílsbakkapulu, Rímur af Héðni og Hlökkvi, passúsálm og fleira vísnakyns.

Hallfréður var um áratugaskeið einn ötulasti safnari íslenskra þjóðfræða og í Stofnun Árna Magnússonar er varðveittur á böndum ómetanlegur fjársjóður sem hann víaði að sér víða um land og einnig vestan hafs, samtals meira en þúsund klukkustundir. Nýi diskurinn er gefinn út í heiðurskyni við Hallfréð Örn sjötugan af samstarfsmönnum hans á Arnastofnun. Allt efnið á diskinum fylgir í prentuðum bæklingi.

Leikþáttasamkeppni 2003

Bandalag íslenskra leikfélaga auglýsir eftir leikþáttum og rennur skilafrestur út á miðnætti 10. apríl nk. Þættirnir mega ekki vera lengri en 1000 orð og mega ekki hafa verið fluttir opinberlega. Þættina skal senda í tölvupósti til lensherra@leiklist.is. Fullt nafn höfundar og kennitala skal fylgja þáttunum. Einnig skal fylgja dulnefni sem notað verður við birtingu á vefnum.

Allur texti þátta skal sendur sem meginmál í tölvupósti. Ekki skal senda þætti sem viðhengi í tölvupósti!



Njálugleði

Með hækkandi sól fara hetjur Brennu-Njáls sögu enn á kreik í Rangárbíngi og næstu vikurnar verður efnt til fjölbreyttrar Njálugleði í Sögusetrinu á Hvolsvelli. Hópum er boðin lifandi leiðsögn um söguvið Njálu í héraðinu og sýninguna Á Njáluslód. Um helgar verða haldnar „söguveislur“ í miðaldaskála þar sem rangæskar gríðkonur bera gestum kræsingar matar og heimamenn

Far vel, bróðir og vinur

Sigurður Sigmundsson tók þessa mynd við Markarfljót af Jóni Smára Lárussyni og Gísla Stefánsyni í hlutverkum Gunnars og Kol-skeggs. Sýnir hún þá ögurstund er þeir bræður kvæðast í hinsta sinn.

skemmta undir borðum með sagnaglenzi, spili og söng.

Meðal þeirra sem stiga á svið eru kapparnir úr leik- og sönghóp Sögusetursins. Undir heitinu Saga Singers hafa þessar syngjandi hetjur af Njáluslód gert garðinn frægan beggja vegna Atlantsála með söngleik um Gunnar á Hlíðarenda sem nú hefur verið gefinn út á geisladiskum.

Þeir sem sækjast eftir skemmtilegri afþreyingu með menningarlegu ívafi ættu ekki að hika við að skella sér yfir heiðina og taka þátt í Njálugleði Sögusetursins. Í sumar geta menn boðið erlendum gestum sínum á Njálugleði bæði á þýsku og ensku.